

Ef upplýsingar koma frá foreldri um að nemandi hafi fæðuofnæmi eða óþol er hægt að merkja það á einfaldan hátt í Ískrá í heilsufarsskrá nemandans. Tilgangurinn er að hafa yfirsýn yfir nemendur með fæðuofnæmi/óþol og geta á fljótlegan hátt kallað fram lista sem hægt væri að afhenda starfsfólki í mötuneyti skólans.

Skráning á fæðuofnæmi/óþoli

- Tvísmella á nafn nemandans, þá opnast heilsufarsskrá hans (*mynd 1*).
- Haka í kassann fyrir framan ‚Fæðuofnæmi/óþol‘ og skrifa í dálkinn fyrir aftan fyrir hverju ofnæmið/óþolið ef (*mynd 1*).
- Að lokum er smellt á ‚Til baka‘.

Mynd 1: Heilsufarsskrá. Ef nemandi er með fæðuofnæmi/óþol er hægt að haka í kassann fyrir framan ‚Fæðuofnæmi/óþol‘ og skrifa síðan í línuna fyrir hverju barnið er með ofnæmi/óþol fyrir.



Listi yfir nemendur með fæðuofnæmi/óþol

- Smella á ‚Talning‘ í upphafsglugganum ‚Sækja bekk/nemanda‘. (Ef notandi er staddur í bekkjarskrá þarf fyrst að smella á ‚Heim‘ og síðan ‚Talning‘).
- Þá opnast glugginn ‚Talningar‘ (*mynd 2*) og þar hæ. megin er smellt á ‚Fæðuofnæmi/óþol‘ og opnast þá listi yfir nemendur (*mynd 3*) sem merktir hafa verið með ‚Fæðuofnæmi/óþol‘ í heilsufarsskrá.
- Listann er hægt að prenta út og afhenda starfsfólki í mötuneyti.

Nafn	Fæðuofnæmi/óþol	Bekkur
Ákafur Jónsson	Mjólkurvörur.	1.BK
Helgimagri Þormóðsson	Egg	1-SD
Kristjóna Ló	Mjólk	1-SD

Loka glugga Prenta

Mynd 2: Hægra megin í glugganum ‚Talningar‘ er hægt að smella á ‚Fæðuofnæmi/óþol‘ og kemur þá listi yfir þau börn sem merkt hafa verið með fæðuofnæmi/óþol í heilsufarsskrá.

Mynd 3: Listann yfir nemendur með fæðuofnæmi/óþol er hægt að prenta út og afhenda starfsfólki í mötuneyti.